



9. júní 2016

Tilkynning

Efni: Frestur til skila á gögnum varðandi peningaþvætti.

Samkvæmt 3. gr. útboðsskilmála, vegna kaupa Seðlabanka Íslands á íslenskum krónum í skiptum fyrir evrur, með viðskiptadag 16. júní 2016; rennur frestur til að skila inn tilboðum út kl. 14:00 á viðskiptadegi. Áður hefur Seðlabankinn gefið það út til milligönguaðila að skila þurfi inn nánar tilgreindum gögnum, varðandi peningaþvættisathugun, eigi síðar en kl. 16:00 á viðskiptadegi. Það er forsenda Seðlabankans fyrir viðskiptum í útboðinu að allar upplýsingar séu gefnar, eða tryggt sé að þær muni liggja fyrir verði beðið um þær, sem komi í veg fyrir að Seðlabankinn eigi viðskipti án þess að fyrir liggi hver sé endanlegur viðtakandi fjármuna, sbr. þær kröfur sem Seðlabankinn hefur gert til milligönguaðila vegna peningaþvættis.

Ákveðið hefur verið að lengja frestinn til skila á peningaþvættisgögnum, til kl. 15:00 mánudaginn 20. júní 2016, en eftir að sá frestur rennur út skoðast öll tilboð sem ekki hefur verið skilað inn peningaþvættisgögnum vegna sem ógild og ófullkomin og verður þeim hafnað að öllu leyti eða að hluta með vísan til útboðsskilmála. Seðlabankinn áskilur sér allan rétt til að nota þann tíma sem gefinn er upp samkvæmt útboðsskilmálum til að birta niðurstöður útboðsins.

Er þetta gert til þess að lengja í þeim tíma sem mótaðilar hafa til þess að skila inn gögnum og með því auka möguleika allra á þátttöku í útboðinu.